



Reykjavík, 10. janúar 2025

USK24110156

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa Aðalskipulags og loftlagsmála, húsnæðisátakshópur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að farið verði í grundvallar endurskoðun á uppbyggingaráformum í Grafarvogi og það sé gert með íbúum hverfisins.*

Tillögunni fylgdi greinargerð:

*Íbúar Grafarvogs eru mjög óánægðir með fyrirliggjandi drög hönnuðum af skipulagsyfirvöldum. Þetta á of mikið og þær hugmyndir sem liggja fyrir eru í engum takti við núverandi byggð og ekki heldur í samráði við íbúa. Allt of fá bílastæði verða ef þessar tillögur ná fram að ganga og lítið hugsað um innviði. Það skýtur auðvitað skökku við að borgarstjóri segi að það verði að byggja af því að það vantar land. Sami aðili og neitar að brjóta nýtt land undir byggð. Byggja mætti meira í Úlfarsárdal og á Kjalarnesi og hefja byggingu Geldinganes þegar lega Sundabrautar er ákvörðuð. Það gengur ekki að ganga á græn svæði í þegar byggðum hverfum og halda að Kirkjugarðurinn í Grafarvogi sé nóg "sem grænt svæði í hverfinu"*

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu Aðalskipulags og loftlagsmála, húsnæðisátakshóps.

### Umsögn:

Frá upphafi hefur leiðarljós verkefnisins verið að þróa nýjar lóðir í samræmi við núverandi byggð. Frá því að fyrstu tillögur voru kynntar í september 2024 hafa uppbyggingaráform í Grafarvogi tekið breytingum í takt við þarfir og athugasemdir íbúa.

Mikilvægi samráðs og þarfir íbúa skiptir máli. Opið hús á Borgarbókasafninu í Spönginni skapaði vettvang fyrir fjölmörg samtöl við íbúa ásamt því að koma athugasemdum á framfæri beint til átakshópsins.

Yfir 800 athugasemdir bárust í gegnum skipulagsgátt og þær teknar til skoðunar. Þá hefur samráð í formi funda og samtala hafa staðið yfir frá kynningardegi. Allt að framangreindu hefur gefið verkefninu verðmæta innsýn inn í þarfir samfélagsins í Grafarvogi og nýst vel við áframhaldandi þróun tillaga.



Reykjavík



Bílastæði við nýjar lóðatillögur miðast ávalt við hámarksfjölda bílastæða skv. bíla- og hjólastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Fallið hefur verið frá hugmyndum um bílastæðahús við Sóleyjaríma.

Mikilvægi grænna svæða er átakshópnum hugleikin og þau tekin til skoðunar samhliða þróun íbúðatillagna þar sem markmiðið er að styrkja þau enn frekar samhliða uppbyggingu. Áhersla er á vönduð vinnubrögð við mat á umhverfisáhrifum og ný byggð er fyrst og fremst á ónýttum svæðum en ekki hugsuð á mikilvægum útivistarásum hverfisins.

Í ljósi ofangreinds er mælt með því að tillagan verði felld.

Virðingarfyllt,  
Hjördís Sóley Sigurðardóttir  
*Umhverfis- og skipulagssvið*



**Reykjavík**